

Nd.

624. Nefndarálit

[78. mál]

um frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Meiri hluti iðnaðarnefndar hefur ekki fengist til að fjalla um frumvarp þetta, svo sýnt er að það fær ekki afgreiðslu á þessu þingi. Ég harma þetta þar sem stofnun Iðntæknistofnunar Íslands er ein meginforsenda þess að hægt sé að efla íslenskan iðnað, sem nú býr við ófullkomna tækni- og rannsóknaraðstöðu og síversnandi almenna aðstöðu í samanburði við erlendan samkeppnisiðnað.

Í tíð fyrri ríkisstjórnar var undir forustu iðnaðarráðuneytisins unnið á margvíslegan hátt að eflingu íslensks iðnaðar í samvinnu við samtök hans. Eitt þeirra verkefna var gerð frumvarps um Iðntæknistofnun Íslands, sem hafði það meginmarkmið að tengja opinbera tækniþjónustu sem best hinum einstöku iðngreinum og iðnaðinum sem heild, um leið og reynt var að tryggja sem best samvinnu og samhæfingu tækniþjónustunnar til að nýta sem best fjármagn, starfskrafta og tækjabúnað. Frumvarp þetta, sem undirbúið var af fyrrverandi iðnaðarráðherra, var upphaflega lagt fyrir 94. löggjafarþing, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda umfangsmikið.

Magnús Kjartansson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, flutti svo frumvarpið um ITSÍ nú á þessu þingi, eftir að honum þótti sýnt að núverandi iðnaðarráðherra hefði horfið frá því að fylgja málinu eftir.

Ég lýsi mig andvígán þeirri afstöðu meiri hluta iðnaðarnefndar að hafna því að fjalla um frumvarpið, en meiri hlutinn hefur vísað til þess, að unnið sé að undirbúningi frumvarps um sama efni á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Ég tel áhugaleysi meiri hlutans endurspegla það almenna áhugaleysi sem ríkir hjá meiri hluta Alþingis um að efla íslenskan iðnað og iðnþróun, meðan miklum tíma er varið í viðræður við útlendinga um erlenda stóriðju í landinu. Vitað er, að meðal íslenskra iðnrekenda er mikill áhugi á eflingu tækniþjónustunnar, og í nýlegu blaðaviðtali við formann Félags ísl. iðnrekenda segir hann: „Við höfum enga „Hafrannsóknastofnun“ fyrir iðnaðinn, en vonandi verður frumvarpið um Tæknistofnun iðnaðarins loksins að lögum núna eftir öll þessi ár.“

Þessi ósk iðnrekenda og annarra þeirra, er áhuga hafa á eflingu íslensks iðnaðar, mun ekki rætast á þessu þingi, og verður meiri hluti iðnaðarnefndar, sem kosið hefur að svæfa frumvarpið um Iðntæknistofnun Íslands í nefnd, að bera fulla ábyrgð á því.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1977.

Sigurður Magnússon.